



Fjölbrautaskóli
Suðurlands

Hjúkrun Fullorðinna 1(3)
HJÚK2ÖH05
Kennsluáætlun Haustönn 2020

Kennari/ar: Íris Þórðardóttir

Skammstöfun: ÍP

Lýsing

Fjallað er um umhyggjuhugtakið og sjálfsumönnun ásamt helstu hjúkrunarkenningum og tengslum þeirra við starfsvettvang. Fjallað er um hjúkrunarferli og faglega hjúkrunarskráningu. Fjallað er um hjúkrun sjúklinga með bráða- og langvinna sjúkdóma sem tengjast eftirtöldum kerfum: hjarta- og æðakerfi, öndunarferakerfi, meltingarkerfi, þvag- og kynkerfum. Fjallað er um hjúkrun sjúklinga með illkynja sjúkdóma. Í áfanganum er lögð áhersla á tengingu fræðilegrar þekkingar við skipulagningu og framkvæmd hjúkrunar.

Þekkingarviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- helstu hjúkrunarkenningum og tengslum þeirra við starfsvettvang
- umhyggjuhugtakinu og sjálfsumönnun
- mikilvægi hjúkrunarskráningar
- áhrifum bráðs og langvinnis heilsubrests á sjálfsmynd og líðan skjólstæðinga
- hjúkrun sjúklinga með sjúkdóma í hjarta- og æðakerfi, öndunarferakerfi, meltingarkerfi, þvag- og kynkerfum
- helstu einkennum illkynja sjúkdóma í þeim líffærakerfum sem fjallað er um í lýsingu
- undirbúningi og eftirmeðferð vegna rannsókna og skurðaðgerða
- þverfaglegri teymisvinnu í meðferð skjólstæðinga

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- sýna skjólstæðingi og aðstandendum stuðning og umhyggju
- greina á milli mismunandi hjúkrunarþarfa langveikra, bráðveikra og mikið veikra
- útskýra áhrif bráðs og langvinnis heilsubrests á sjálfsmynd og líðan skjólstæðinga
- vinna eftir viðurkenndri hjúkrunarskráningu
- velja milli ólíkra vinnubragða við smitgát eftir eðli sjúkdómsástands
- leiðbeina skjólstæðingum með athafnir daglegs lífs með tilliti til áhrifa sjúkdómsástands á sjálfsumönnun og heilsu
- undirbúa og annast um skjólstæðinga fyrir og eftir rannsóknir og aðgerðir
- útskýra algengar aukaverkanir meðferðar vegna illkynja sjúkdóma
- taka þátt í þverfaglegri vinnu í meðferð skjólstæðinga.

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- meta hjúkrunarþarfir langveikra, bráðveikra og mikið veikra
- meta áhrif bráðs og langvinnis heilsubrests á sjálfsmynd og líðan skjólstæðinga
- beita viðeigandi hjúkrunarmeðferð fyrir og eftir aðgerðir og rannsóknir
- beita ólíkum vinnubrögðum við smitgát eftir eðli sjúkdómsástands

- leiðbeina skjólstæðingum með athafnir daglegs lífs með tilliti til áhrifa sjúkdómsástands á sjálfsbjargargetu og heilsu
- veita sjúklingum og aðstandendum faglegra umhyggju og stuðning
- bregðast við algengum aukaverkunum meðferðar vegna illkynja sjúkdóma
- nýta þekkingu sína í þverfaglegri vinnu.

Námsmat: Vetrarvinna 100%, ritgerð, heimaverkefni, greinaverkefni og tímaverkefni. Nemandi þarf að skila 90% af vetrarvinnu á tilsettum tíma, til að ná áfanganum og að hafa lágmark 85% raunmætingu og standast mætingareglur skólans

Kennari áskilur sér rétt til breytinga.